



Félagsráðgjafa

ÁGÚST 2016

F
R
É
T
T
A
M
O
L
I

Frá seinasta stjórnarfundum...

* Búið er að færa Íslandsmót iðn- og verkgreina til 16. –18. mars 2017. Samhliða verður stór framhaldsskólakynning. Um leið og stjórn FNS veit meira um málið miðlar hún því til félagsmanna.

* Í september munu félagsmenn verða beðnir um að taka þátt í skoðanakönnun sem snýr að stéttarfélagsmálum. Undanfarin ár hefur töluverður tími farið í að skoða hvort grundvöllur sé fyrir því að stofna sér stéttarfélag fyrir náms- og starfsráðgjafa. Könnunin er einn liður í því máli og er henni ætlað að varpa ljósi á hug félagsmanna vegna þessa málefnis.

* Stjórn FNS hefur skipulagt hópferð á alþjóðlega ráðstefnu IAEVG í Madrid í nóvember. Það má segja að viðtökur hafi verið framar vonum því uppselt er í ferðina. Það er þó enn hægt að skrá sig á ráðstefnuna og hvetjum við áhugasama félagsmenn til að bóka sjálfir flug og hótél.

Auglýst er eftir náms- og starfsráðgjöfum í eftirfarandi hlutverk:

Kjaranefnd grunnskóla (vantar tvo)

Kjaranefnd háskóla (vantar einn)

Áhugasamir sendið tölvupóst á fns@fns.is

Stefnumótunarfundur FNS verður haldinn föstudaginn 2. september kl. 14-16 í Mímishúsinu á Öldugötunni.

Allar nefndir og ráð innan FNS ætla að hittast til skrafs og ráðgerða.

Fræðslunefnd...

Fræðslunefnd er í óðaönn að skipuleggja veturinn og verður hann án efa mjög skemmtilegur.

Margir náms- og starfsráðgjafar eru einyrkjar og þurfa á því að halda að hitta aðra ráðgjafa og fá skemmtilega fræðslu í leiðinni.

Verum dugleg að mæta og taka þátt!!



"Any backup plan in case your dream of becoming a YouTube sensation doesn't pan out?"